

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi o.fl.

1. gr.

	Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:	Kr.
a)	Umsóknargjald	8 000
b)	Fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10 greiðist eftir 1. júlí 1991	1 500
c)	Fyrir rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923 sem sett er fram fyrir 1. júlí 1991	15 000
d)	Fyrir rannsókn skv. c)-lið sem sett er fram eftir 1. júlí 1991	20 000
e)	Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A ₄)	950
f)	Fyrir hverja síðu umfram 20, sbr. e)-lið	40
g)	Forgangsréttarskjal	1 800

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a)	Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta uppfinningamann, einkaleyfshafa eða umboðsmann	1 300
b)	Afrit af veittu einkaleyfi (lýsing, kröfur og teikningar allt að 20 síður A ₄)	1 800
c)	Fyrir hverja síðu þar umfram 20, sbr. b)-lið	40
d)	Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	950
e)	Staðfest afrit af veittu einkaleyfi allt að 20 síður A ₄	1 800
f)	Fyrir hverja síðu umfram 20, sbr. e)-lið	40

3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36

15. maí 1984 28 000

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:

a)	Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	14 000
b)	Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	48 000
c)	Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	96 000

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 607, 15. desember 1989.

Lönaðarráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.